



MÁNUDAGUR 29. JÚLÍ 2019

Lífsstíll

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér
nýjustu fréttir dagsins og
ítarlega umfjöllun um
málefni liðandi stundar.



Anna vill bjóða fólki ódýran aðgang að verkfærum og stofnaði eins konar bókasafn með verkfærum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Anna Carolina er með dýrt áhugamál

Verkfærasafn Reykjavíkur eða Reykjavík Tool Library var opnað fyrir tæpu ári. Safnið lánar meðlimum ýmis verkfæri. Anna Carolina Worthington De Matos, stofnandi safnsins, fékk hugmyndina frá Toronto. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Markmiðið með verkfærasafninu er að veita fólki aðgang að hlutum sem það þarf kannski að nota einstöku sinnum en ekki nógu oft til að það sé að eyða miklum pening í að kaupa," segir Anna.

Eins og er eru um 580 verkfæri til útláns á safninu og þeim fjölgar stöðugt. „Við fáum helling af verkfærum gefins en svo kaupi ég líka eitthvað. Ég fer oft í Góða hirðinn eða hef samband við Sorpu til að finna það sem fólk biður um en ég hef það fyrir reglu að ef óskað er eftir ákveðnu verkfæri þrisvar, þá kaupi ég það. Fólk grínast stundum með að ég sé með mjög dýrt áhugamál. Ég er alltaf að kaupa rándýr verkfæri fyrir aðra. En ef spurt er þrisvar um einhvern hlut þá hlýtur að vera þörf fyrir hann," segir Anna og hlær.

Verkfærasafnið virkar eins og bókasafn að því leyti að fólk borgar árgjald til að gerast meðlimur og getur þá fengið verkfæri að láni frá safninu. Anna segir að hægt sé að hafa tvenns konar aðild að safninu. „Þú getur borgað 5.000 krónur í árgjald og tekið út allt að fimm verkfæri í einu og haft þau að láni í þrjá daga sem síðan má framlengja á opnunartíma safnsins. Sú aðild hentar kannski þeim sem þurfa að setja upp hillur hjá sér eða annað smálegt. Svo er hægt að borga 8.000 krónur á ári. Þá er hægt að fá ótakmarkað magn af verkfærum í láni í sjö daga og hægt að framlengja lánið á hvaða tíma sem er, með minnst sólarhringsfyrirvara. Dýrari aðildin hentar til dæmis þeim sem eru í stórframkvæmdum eins og að endurnýja eldhúsið hjá sér."

Anna segir að opnunartími safnsins sé á kvöldin og um helgar til að fólk sem er í vinnu eigi auðveldara með að nýta sér þjónustu þess. „Ég bjó í London í tíu ár og ég sakna þess helst þaðan að hafa alls kyns svona þjónustu opna á kvöldin."

Anna sem er frá Brasilíu þekkir vel til sams konar safna erlendis. Hugmyndina að Reykjavík Tool Library fékk hún þegar hún heim sótti vin sinn til Toronto en hann stofnaði slíkt safn þar. „Hugsunin með þessu er ekki að græða pening heldur er þetta samfélagsverkefni. Það hafa ekki allir efni á dýrum hlutum sem þessum og þess vegna langaði mig að bjóða upp á svona safn hér á Íslandi. Ég safnaði upphaflega fyrir verkfærasafninu á Karolina Fund. Ég varð mjög veik og lá á spítala í tvo mánuði.



Anna vill bjóða upp á vinnuaðstöðu fyrir fólk til að vinna að ýmsum verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við fáum helling af verkfærum gefins og svo kaupi ég líka eitthvað. Fólk grínast með að ég sé með mjög dýrt áhugamál."

Á meðan ég var þar setti ég upp vefsíðuna og hóf söfnunina. Þegar ég útskrifaðist af spítalanum þá var ég komin með nóg fjármagn og þá varð ekki aftur snúið," segir Anna. „Verkfærin sem við erum með eru mjög fjölbreytt. Allt frá saumavélum eða borvélum upp í verkfæri til að gera við bíla. Og við erum sífellt að bæta við. Óskalistinn sem við erum með er lengri en handleggurinn á mér," bætir hún við hlæjandi.

Vinnuaðstaða og deilimarkaður

Stefnan hjá Verkfærasafninu er að þar verði líka boðið upp á aðstöðu



til að vinna verkefni sem fólk hefur ekki pláss til að vinna heima hjá sér. „Það er nefnilega oft þannig að fólk er með einhverja hugmynd en enga aðstöðu til að láta hana verða að veruleika. Fólk getur þá komið til okkar og fengið lánuð verkfæri og fengið aðstöðu hjá okkur til að nota þau. Þetta gæti til dæmis hentað ungu listafólki, frumkvöðlum og handverksfólki ýmiss konar. Við erum núna með söfnun í gangi á Karolina Fund til að vinnuaðstaðan geti orðið að veruleika. Eins erum við með söfnun til að geta byggt upp deilimarkað. Þá getur fólk fengið lánaða ýmsa hluti sem það þarf á að halda í stuttan tíma eins og til dæmis tjöld, bókunarform eða teppahreinsara. Bara hitt og þetta sem fólk kannski hefur not fyrir einu sinni og getur þá fengið þessa hluti lánaða í stað þess að kaupa þá," útskýrir Anna.

Hún leggur áherslu á að þar sem Verkfærasafnið er ekki rekið með hagnaði þá fari allur peningur sem safnast í safnið sjálft, ekkert annað. Til dæmis til að bæta aðstöðuna eða kaupa verkfæri eða



Erlendis eru starfrækt sambærileg verkfærasöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hluti til að setja á deilimarkaðinn. „Þann 18. ágúst verðum við með söfnun sem heitir Toolraiser. Við verðum með tónleika og aðgangseyririnn er eitt verkfæri á mann. Við verðum með matardeilaborð.

Fólk getur mætt með mat þangað og deilt með öðrum. Fólk getur líka komið með stuttermaboli og fengið að prenta á þá með lógóinu okkar í skiptum fyrir aðild að safninu," segir Anna.

Á verkfærasafninu eru um 580 verkfæri til útláns.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Arnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf | Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is, s. 550 5654

Fasteignir

Stofnað
1983

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500



BÚGARÐURINN BYGGÐARHORN 40 VIÐ SELFÖSS



Glæsilegur fullbúinn búgarður/jörð/
nýbýli samtals ca 1.100 fm þar af er
stórglæsilegt nýlegt einbýli á einni hæð,
gestahús og nýleg útihús, m.a. hesthús,
reiðskemma, vélageymsla ofl.
Landið er 4 hektarar. Heitt vatn.

Frábær staðsetning, þ.e. aðeins nokkrir
km frá Selfossi.

Möguleiki er að kaupa allt að
35 hektara til viðbótar.
(Fleiri myndir á netinu)

VERÐTILBOÐ



Nánari uppl. gefur Helgi Jón Harðarson sölustj. s. 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Bílar &
Farartæki



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert
próf, engin skráning. BARA GAMAN.
Vespurnar eru til í fjórum flöttum
litum. Verð frá 158.000.- kr.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af
hinum frábæru vinnuvéla dekkjum
frá Techking Búkolludekk-
hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar
stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp.
sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir



Altenatorar & Startarar



ljusboginn@ljusboginn.is
s. 553-1244

BÍLAHÖLLIN



TOYOTA HI LUX
INVINCIBLE 33".
10/2018, ekinn 9
þ.KM, beinskíptur 6
gírar. Mikið af auka-
búnaði
Ásett verð 6.990.000.
Rnr.152659.



TOYOTA LAND
CRUISER 150
GX 33" breyttur.
9/2017, ekinn 22
þ.KM, DIESEL, sjálf-
skíptur, brettakantar
og margt fleira,
sérstaklega fallegt
eintak.
Ásett verð 8.950.000.
Rnr.330361.



NISSAN MICRA
ACCENTA. 1/2018,
ekinn 7 þ.KM,
bensín, 5 gírar. Bakk-
myndavél, símatengi
og m/fl
Ásett verð 2.350.000.
Rnr.280495.



SUZUKI Sx4.
12/2013, ekinn 41
þ.KM, bensín, sjálf-
skíptur. Fjór hjóla-
drifinn Frábær bíll
TILBOÐSVERÐ
1.990.000.
Ásett verð 2.190.000.-
Rnr.330396.



TOYOTA COROLLA
LVE Diesel. 5/2016,
ekinn 87 þ.KM, dísel,
6 gírar.
TILBOÐSVERÐ
1.750.000.
Ásett verð 1.990.000.-
Rnr.280324.



HONDA CR-V
ELEGANCE NAVI.
7/2018, ekinn 11
þ.KM, bensín,
sjálfskíptur 5 gírar.
Mjög fallegur bíll
TILBOÐSVERÐ
4.650.000.
Ásett verð 4.850.000.-
Rnr.330358.



TOYOTA AYGO
H/B ACTIVE.
5/2017, ekinn 44
þ.KM, bensín, 5 gírar.
TILBOÐSVERÐ
1.290.000.
Ásett verð 1.490.000.-
Rnr.330339.



TOYOTA YARIS
H/B ACTIVE.
6/2018, ekinn 13
þ.KM, bensín, SJÁF-
SKIPTUR.
TILBOÐSVERÐ
2.290.000.
Ásett verð 2.490.000.-
Rnr.280341.

**Mikið
úrval af bílum**

BÍLAHÖLLIN

Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík
S. 567 4949

Opnunartími virka daga:
Mán-föst kl. 10-18

Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS

ÚTSÖLULOK OG NÝJAR VÖRUR!

Ný sending og lækkað verð á útsöluvörum

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



VERÐHRUN Á ÚTSÖLUNNI!

VERÐ FRÁ 500KR

í verslunum okkar í **Kringlunni** og á **Glerártorgi** - **ÚTSÖLUNNI LÍKUR 3.ÁGÚST**

ÚTSÖLU- LOK!



VILT ÞÚ SELJA HÚSIÐ ÞITT?

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjúlundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímamantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagnarþjónustan oje 780-3939.
Allt almennt viðhald og breytingar.
Dren, frárénnsl.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almennt þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HÚSASMÍÐI:
getum bætt við okkur verkefnum,
nýsmíði, viðgerðir og viðhald.
Uppl. í s. 858 3300
serfagehf@gmail.com

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
562 8211 VISA EURO

SPÁSÍMINN 9086116.
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspa. Tarot. Ársspa.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Vissir þú að... Barnaheill
Save the Children & Iceland
Þú er þannig að minnast þetta
erur líklegri eða andlegu geislu

Keypt
& Selt

Til sölu



STIGA
Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S motor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is




KASSAGÍTAR á tilboði

KASSAGÍTAR Í ÚRVALI GÍTARINN
ehf KASSAGÍTAR á tilboði
Rafmagnsgítarar á tilboði
Stórhöfða 27 s 552 2125
www.gitarinn.is
gitarinn@gitarinn.is

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarolla. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi
í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

90 fm íbúðarpláss til leigu. Uppl. s:
896-9132.

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABÍL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bíl.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella
14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI,
MÚRARA, MÁLARA EÐA
AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta
hafið störf með skömmum
fyrirvara.

Proventus starfsmannarþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Til sölu



Vegg kælar og frystar

OSCARTIELLE

Frystir

Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Draghálsi 4 - 110
Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf
kirkjunnar